



LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS


1.tbl – Janúar 2016

Hundaræktarfélag Íslands vill óska öllum félagsmönnum gleðilegs nýs árs og vonum við að 2016 verði gæfuríkt. Hlökkum við til komandi viðburða með ykkur öllum.



Í desember héldu **Retrieverdeild, Fuglahundadeild og Vorstehdeild HRFÍ** sameiginlegt villibráðarkvöld í Sólheimakoti, þetta var fjáröflunarkvöldverður sem heppnaðist vel. Maturinn þótti frábær, deildirnar fengu ágætan ágóða og fólk skemmti sér vel. Til stendur að halda þetta aftur að ári. Hófst svo nýtt ár með því að heiðra þá retrieverhunda sem urðu stigahæstir á veiðiprófum og þá sem urðu stigahæstir á sýningum árið 2015. Dagskrá ársins 2016 liggur fyrir og er samþykkt, við stefnum á að halda tólf veiðipróf og eina deildarsýningu á tímabilinu frá apríl og fram í október. Prófin eru áhorfendavæn og öllum er velkomið að koma og fylgjast með bæði prófum og sýningu.

Stjórn Hundaræktarfélagsins samþykkti á síðasta stjórnarfundum ráðningu nýs ritstjóra Sáms. **Klara Símonardóttir** var ráðin í starfið en hún hefur m.a. starfað sem ritstjóri tímarits sem og við þýðingar og textagerð síðustu 10 árin. Við viljum þakka Auði Sif Sigurgeirsdóttur fráfarandi ritstjóra kærlega fyrir samstarfið. Tímarit Hundaræktarfélagsins kemur út tvisvar á ári, um mitt ár og í lok árs og er blaðinu dreift til yfir 2000 félagsmanna.



Landslið Íslands varð í 2. sæti í **Norðurlandakeppni ungra sýnenda á Nordic Winner** í Stokkhólmi 13. desember síðastliðinn. Í liðinu voru Hafdís Jóna Þórarinsdóttir, Berglind Gunnarsdóttir, Margrét Hauksdóttir og Ylfa Dögg Ástþórsdóttir. Þjálfari liðsins var svo Auður Sif Sigurgeirsdóttir. Hafdís Jóna Þórarinsdóttir tók svo þátt fyrir Íslandshönd í einstaklingskeppninni. Stóð hún sig með stakri þrýði og var valin í 10 sýnenda úrslit. Fyrirkomulag keppinnar er eftirfarandi: Öll Norðurlöndin senda lið til þátttöku sem fjórir sýnendur skipa. Keppt er bæði í einstaklings- og liðakeppni. Sýnendur sýna ókunnuga hunda sem þeir fá afhenda um klukkustund áður en keppni hefst. Venjan er að nokkru fyrir keppnina velja sýnendur þrjár tegundir og skipuleggjendur keppinnar gera sitt besta við að útvega hunda eftir þeirra óskum.



Schäferdeild HRFÍ hélt árlegt jólakaffi deildarinnar 9. desember á skrifstofu félagsins Síðumúla 15. Stigahæstu hundar í vinnu og á sýningum voru heiðraðir, ásamt stigahæsta ræktanda ársins. Glæsileg verðlaun voru á kvöldinu í boði frábærra styrktaraðila sem standa þétt við bak deildarinnar.



Skráning er hafin á **Alþjóðlega sýningu HRFÍ** sem haldin verður í lok febrúar. Mikil skráning er alltaf á þessa fyrstu sýningu ársins og hvetjum við fólk til þess að vera tímanlega að skrá þar sem álag á skrifstofu er mjög mikið á síðustu skráningardögum. Einnig er farin af stað skráning í augnskoðun á vegum félagsins sem verður haldin sömu helgi og sýningin 27.-28. febrúar.



Á döfinni:

Miðasala á Uppskeruhátíð HRFÍ hefst í næstu viku. Fjórið verður svo laugardaginn 6. febrúar í Félagsheimili Fáks í Víðidal. Miðaverð er kr. 3900.- fyrir félagsmenn – 5500 kr. fyrir aðra. Miðasala fer fram á skrifstofu frá 12. janúar. Landsbyggðarfólk getur hringt inn og greitt fyrir sína miða og fengið afhenta á staðnum, en ekki verða teknir frá miðar.

Fyrsta opna hús vetrarins á vegum deilda innan **tegundahóps 7** verður í **Sólheimakoti** næstkomandi sunnudag 10. janúar. Kynnt verður dagskrá opnu húsanna sem er bæði byggð á gömlum gildum og afar spennandi nýjungum. Lauslega verður farið yfir prófadagskrá deildanna og starfið rætt. Nýmalað kaffi og gómsætar veitingar verða í boði. Kotið opnar kl. 09:30 og eru allir velkomnir.